FRÍTT
# FRÉTTABLAÐIÐ
20. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 24. JANÚAR 2017



Tuttugu og einn sýrlenskur flóttamaður kom til Íslands í gær. Sjö þeirra, hjón með fimm börn, munu búa í Hveragerði en fjórtán setjast að á Selfossi. Fólkið kom frá Líbanon þar sem það hafði búið í flóttamannabúðum í eitt ár. Nú hefst ferli þar sem fólkið nýtur aðstoðar sjálfboðaliða Rauða krossins og fleiri við að aðlagast nýjum heimkynnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vísbendingar komnar um dánarorsök

**Bráðabirgðakrufningu á líki Birnu Brjánsdóttur lauk í gærkvöldi. Lögregla telur sig nær því að vita hver dánarorsök hennar sé. Sakborningarnir tveir í málinu verða yfirheyrðir í dag. Hæstiréttur staðfesti í gær tveggja vikna gæsluvarðhaldsúrskurð yfir þeim.**

**LÖGREGLUMÁL** Bráðabirgðakrufning réttarmeinafræðings lögreglunnar, sem lauk í gærkvöld, færði lögreglu nær því að vita hver dánarorsök Birnu Brjánsdóttur er. Lögregla vildi ekki veita upplýsingar um bráðabirgðaniðurstöður rannsóknarinnar en þegar Fréttablaðið fór í prentun var ekki búið að greina fjölskyldu Birnu frá þeim.

Niðurstöður lífsýna sem fundust í rauðu bifreiðinni sem hinir grunuðu höfðu til umráða, sem og á fatnaði þeirra og gögnum sem lagt var hald á í togaranum Polar Nanoq, hafa ekki borist að öðru leyti en því að lögregla fékk staðfest að blóð úr Birnu hefði fundist í bifreiðinni. Lögregla lagði hald á gögn í togaranum sem hún telur mjög mikilvæg rannsókninni.

Löndun úr togaranum Polar Nanoq lauk í gær en gert er ráð fyrir að skipið haldi aftur af stað í dag. Skipverjar bíða leyfis lögreglu til að leysa landfestar á ný. **– snæ** / **sjá síðu 4**

## Thomas Møller keyrði bílinn um Reykjanesið

Mennirnir tveir, sem lögregla hefur í haldi, grunaða um að hafa banað Birnu Brjánsdóttur, heita Thomas Møller Olsen og Nikolaj Olsen. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að sá fyrrnefndi hafi ekki aðeins verið leigutaki rauða Kia Rio-bílaleigubílsins, heldur einnig keyrt bílinn á þeim tíma sem lögregla telur víst að líki Birnu hafi verið komið fyrir.



## Vilja eignast Vífilsstaði

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Fulltrúar fjármálaráðuneytisins og Garðabæjar hafa fundað fimm sinnum um möguleg viðskipti með land Vífilsstaða síðustu mánuði. Enginn kjörinn fulltrúi hefur setið umrædda fundi heldur aðeins bæjarstjóri og bæjarritari.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs Garðabæjar, segir bæjarstjóra hafa leitt samningaviðræðurnar fyrir hönd bæjarins. Ekki hefur hins vegar verið ákveðið hvernig nýta eigi landið komi til þess að sveitarfélagið kaupi það. Heimild er í fjárlögum fyrir sölunni. **– sa** / **sjá síðu 6**



Áslaug Hulda Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar Garðabæjar.


## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Ögmundur Jónasson skrifar um einstaklingana hans Bjarna. 11

**SPORT** Kristján Arason er á því að tími Guðjón Vals, Arnórs Atla, Ásgeirs Arnar og Kára með landsliðinu sé liðinn. Hann segir nóg af mönnum til að taka við af þeim. 12



**LÍFIÐ** Lánaði skallann á sér í herferð Krafts. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **KASSAKERFI OG SJÓÐSVÉLAR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Veður




Suðlæg átt og rigning með köflum í dag, en þurrt að kalla norðan- og austanlands. Hiti víða 1 til 6 stig. SJÁ SÍÐU 16

# Angólskur dans stiginn í Reykjavík



Þeir tóku sig vel út, þátttakendurnir á Kizomba-dansnámskeiðinu á Kexi hosteli í gær. Kizomba er dans, sem er upprunninn í Angóla en er sagður njóta vaxandi vinsælda víða um heim. Kizomba svipar til tangós en hefur afrískt yfirbragð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Nýr bankastjóri Landsbankans

**VIÐSKIPTI** Lilja Björk Einarsdóttir, 43 ára verkfræðingur, hefur verið ráðin bankastjóri Landsbankans. Hún mun hefja störf 15. mars. Lilja útskrifaðist sem véla- og iðnaðarverkfræðingur frá HÍ árið 1998 og lauk meistaraprófi í fjármálaverkfræði frá Michigan-háskóla í Ann Arbor í Bandaríkjunum árið 2003.

Lilja er sjálfstætt starfandi ráðgjafi og stjórnarmaður í fyrirtækjum. Á árunum 2008 til 2016 stýrði Lilja starfsemi gamla Landsbanka Íslands í London. Á árunum 2005 til 2008 var hún sérfræðingur og síðar framkvæmdastjóri hjá Landsbanka Íslands hf. í London. Áður vann Lilja hjá ráðgjafarfyrirtækinu Marsh & McLennan frá 2003 til 2005. – jhh



Lilja Björk



Í kjarabaráttu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Viðræðum slitið í sjómannadeilu

**KJARAMÁL** Slitnað hefur upp úr kjaraviðræðum Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og verkalýðsfélaga sjómanna.

Sjómenn hafa verið í verkfalli síðan 10. nóvember og ekki eru fyrirhugaðar frekari viðræður milli deiluaðila. „Við lítum svo á að sjómenn hafi slitið viðræðum því þeir eru ósveigjanlegir í kröfum sínum,“ segir Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir ummæli Heiðrúnar fráleit. – sa

## Fundað um Kvennaathvarf

**VELFERÐARMÁL** Þorsteinn Víglundsson velferðarráðherra ætlar á komandi vikum að eiga fundi með borgarstjóra og Kvennaathvarfinu og meðal þess sem verður rætt um eru húsnæðisúrræði fyrir skjólstæðinga athvarfsins.

Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, segir húsnæðismál eina helstu hindrun í vegi kvenna og barna sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi til að öðlast betra og öruggara líf.

„Þessar konur ættu að vera í algjörum forgangi þegar kemur að velferð og húsnæðismálum. Húsnæðismarkaðurinn hefur harðnað. Framboðið er minna, en fyrst og fremst er húsaleigan of há,“ sagði Sigþrúður og sagði konur dvelja í lengri tíma með börn sín í Kvennaathvarfinu vegna þessa ástands. Há leiga og lítið framboð á húsnæði hafi einnig þær afleiðingar að konur veigri sér við því að slíta ofbeldissamböndum. – kbg




# Vilja enn 600 milljónir vegna hafnargarðsins

**Verktaki sem byggir íbúðar- og verslunarhús þar sem hafnargarður var skyndilega friðlýstur gerir enn kröfu um að ríkið greiði 600 milljóna króna kostnað þótt forstöðumaður Minjastofnunar hafi sagt kröfuna úr sögunni fyrr í vetur.**

**STJÓRNSÝSLA** „Þeir hafa verið að senda á okkur einhverjar bótakröfur sem við vísum á bug,“ segir Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar, um kröfu lóðarhafa sem byggir atvinnu- og íbúðarhúsnæði við Reykjavíkurhöfn.

Bótakrafan, sem er upp á um 600 milljónir króna, lýtur meðal annars að kostnaði verktakans vegna stöðvunar framkvæmda í nokkra mánuði og ýmissa framkvæmda sem tengjast tveimur hafnargörðum sem komu í ljós á lóðinni. Annar garðurinn er frá nítjándu öld og er því aldursfriðaður en hinn er talinn vera frá 1928 og var friðlýstur 2015 eftir að þáverandi forsætisráðherra hafði afskipti af málinu.

Kristín sagði við Fréttablaðið í október síðastliðnum að Minjastofnun þyrfti ekki að borga kröfu lóðarhafans og að krafan væri ekki lengur vandamál. Krafan er þó enn á borðinu.

„Það er ekki heil brú í þessu. Það vissu það allir þeir aðilar sem fóru í þetta að það væru minjar þarna. Það eru til bréf upp á það að við settum kröfu um varðveislu minjanna, löngu áður en framkvæmdir hófust,“ segir Kristín.

Bjarki Þór Sveinsson, lögmaður lóðarhafans ÞG verktaka sem keyptu verkefnið í fyrravor, segist ósammála lagatúlkun Minjastofnunar. Ósanngjarnt sé að sá sem lendi í því að grafa niður á fornminjar á lóð sinni megi ekki nýta hana og þurfi sjálfur að kosta allar rannsóknir.

„Og ef lögin eru þannig þá standast þau hvorki eignarréttarákvæði né jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar,“ segir Bjarki sem hyggst leggja til að óháðir matsmenn meti tjónið.

Samstaða virðist þó komin um frágang grjótsins úr hafnargörðunum. „Við höfum gengið mikið til móts við þá og leyfum rof í garðinn,“ segir Kristín. Steinar nítjándu aldar garðsins verða notaðir utan við byggingauna. Hluti grjóts úr yngri garðinum verður sýnilegur innandyra.

„Það verður varðveitt sýnishorn eða bútur af garðinum, hann er ekki varðveittur í heild sinni ofan í bílageymslunni,“ segir Pétur Ármannsson, arkitekt hjá Minjastofnun, um tillögur frá lóðarhafanum sem hann kveður stofnunina taka jákvætt í. Upphaflega hafi verið rætt um að varðveita jafnvel yngri garðinn í heild sinni.

„Það hefði kostað að ekki hefði verið hægt að nýta kjallarann sem bílageymslu. Eins og þetta hefur þróast hefur markmiðið verið að lágmarka tjón sem og óhagræði en þó þannig að einhver hluti þessara minja verði sýnilegur hluti af þessu nýja umhverfi þótt í breyttri mynd sé. Það fannst okkur vera sanngjörn niðurstaða,“ segir Pétur.

Þorvaldur H. Gissurarson hjá ÞG verktökum segir að þannig hafi verið ráðið fram úr framhaldi málsins með samkomulagi. „En það er áfallinn kostnaður til staðar, fjármunir sem búið er að eyða í verkefnið nú þegar, og einhver þarf að bera þann kostnað.“ gar@frettabladid.is



Grjótið úr hafnargarðinum bíður enn úti á Granda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Það er ekki heil brú í þessu. Það vissu það allir þeir aðilar sem fóru í þetta að það væru minjar þarna.**
>
> Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar






## Þjónustan kemur af sjálfu sér

Þú vilt allt það besta fyrir þinn AYGO og nú fylgir **með í kaupunum þjónustuskoðun og smurning í tvö ár**.
Njóttu þess að leggja ást við það sem veitir þér gleði. Farðu og slepptu þér af því að þjónustan fylgir í kaupbæti.

· **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Togarinn Polar Nanoq var tollafgreiddur fyrir hassfundinn

**LÖGREGLUMÁL** Grænlenski togarinn Polar Nanoq var tollafgreiddur eins og önnur útlensk skip sem koma til hafnar á Íslandi. Ekki var um sérstakt tolleftirlit að ræða eða leit í skipinu. Það voru tollverðir sem síðar fundu fíkniefnin um borð í skipinu við leit að sönnunargögnum vegna hvarfs Birnu Brjánsdóttur.

Eins og komið hefur fram fundust um tuttugu kíló af hassi í Polar Nanoq. Skipverjinn sem talinn er tengjast fíkniefnafundinum var úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna málsins. Þá hafa fregnir borist af því að Samtök atvinnulífsins á Grænlandi hafi beðið íslensk stjórnvöld um að kanna möguleikana á að auka eftirlit með grænlenskum skipum á Íslandi, og þannig verði hægt að draga úr smygli ef lögregla myndi framkvæma fleiri leitir í skipum þar sem hún gerir ekki boð á undan sér.

Snorri Olsen tollstjóri segir að ekkert slíkt erindi hafi komið inn á hans borð. Ágætt samstarf sé þegar við grænlensk tollayfirvöld.

„Ég hef rætt við tollstjórann á Grænlandi eftir að þetta mál kom upp – um okkar samstarf. Við munum í framhaldinu funda, þar sem farið verður yfir þetta mál og önnur,“ segir Snorri og staðfestir að öll útlensk skip séu tollafgreidd í fyrstu höfn við komuna til landsins. Þau eru líka tollafgreidd út úr landinu þegar dvöl þeirra lýkur. Þetta var gert í tilfelli Polar Nanoq, en Snorri útskýrir að tollafgreiðsla þýði ekki að leit sé gerð í skipinu undir formerkjum eftirlits. Munur sé gerður á þessu tvennu.

„Það er skylt að afgreiða öll skip þar sem leyft er að skipverjar og farþegar megi fara í land, en ef ekkert sérstakt tilefni er til eftirlits þá er aðeins um slíka afgreiðslu að ræða,“ segir Snorri en þessi afgreiðsla kom til áður en í ljós kom að skipverjar Polar Nanoq reyndust viðriðnir hvarf Birnu. **– shá**



**Ógerlegt er að leita í öllum skipum sem koma í íslenska höfn – enda tíma- og mannfrek aðgerð.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Pola Nanoq við höfnina í Hafnarfirði.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Mikið áfall fyrir áhöfnina

Útgerð Polar Nanoq gaf Landsbjörg 1,6 milljónir íslenskra króna í gær. Skipverjar segjast hafa orðið fyrir miklu áfalli sökum atburða síðustu daga. Þeir segja í yfirlýsingu mikilvægt að taka það fram að einungis einn eða tveir einstaklingar séu grunaðir um verknaðinn. „Og við og þjóð okkar getum ekki tekið ábyrgð á svo voveiflegum atburðum.“

## Forseti vottar samúð sína

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, sendi foreldrum Birnu Brjánsdóttur samúðarkveðjur í gær. „Orð fá ekki linað hina miklu sorg en minningin um Birnu, þessa ungu og björtu stúlku, sem var tekin frá okkur í blóma lífsins, mun ætíð lifa með íslenskri þjóð.“

Í tilkynningu til fjölmiðla þakkar forseti líka björgunarsveitarfólki, lögreglu og öðrum sem leituðu að Birnu og rannsökuðu hvarf hennar.



**Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands**

# Thomas Møller keyrði bílinn

**Mennirnir tveir, sem grunaðir eru um að hafa banað Birnu Brjánsdóttur, hafa setið nánast afskiptalausir í einangrun í þrjá daga. Þeir verða yfirheyrðir í dag. Lögregla rannsakar hlut hvors þeirra fyrir sig í málinu. Margt bendir til þess að aðeins annar þeirra hafi komið líki Birnu fyrir eftir að henni var ráðinn bani.**

**LÖGREGLUMÁL** Thomas Møller Olsen, 25 ára karlmaður sem grunaður er um að hafa banað Birnu Brjánsdóttur, keyrði rauða Kia Rio-bílinn margumrædda frá Hafnarfjarðarhöfn og um 300 kílómetra að morgni 14. janúar síðastliðins. Félagi hans, Nikolaj Olsen, sem einnig er grunaður um aðild að málinu, fór aftur á móti um borð í togarann Polar Nanoq og fór ekki aftur með Thomasi. Talið er næsta víst að Birnu Brjánsdóttur hafi verið komið fyrir í sjó, í löngu ferðalagi bílsins um Reykjanesskagann. Birna fannst í flæðarmálinu við Selvogsvita á sunnudag.

Hæstiréttur staðfesti í gær tveggja vikna gæsluvarðhald yfir mönnunum, en fór ekki að ýtrustu kröfum ákæruvaldsins sem krafðist fjögurra vikna gæsluvarðhalds. Mennirnir verða yfirheyrðir í dag en þeir hafa dvalið í einangrun síðastliðna þrjá daga án þess að vera yfirheyrðir af lögreglu. Heimildir Fréttablaðsins innan lögreglunnar herma að sá tími sem liðið hefur sé meðal annars vegna þess að með því aukist líkurnar á því að mennirnir tjái sig af einhverri alvöru um málið. Í yfirheyrslum yfir mönnunum á fimmtudag og föstudag kom lítið haldbært fram. Gærdeginum varði lögregla í að undirbúa yfirheyrslur yfir mönnunum, en eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær, verður málið lagt fyrir þá frá a til ö í þeirri von að þeir játi aðild sína að því.

Lögregla hefur lokið rannsókn á togaranum Polar Nanoq og lagði hald á gögn í skipinu sem talið er að skipti verulegu máli fyrir rannsókn málsins. Lögregla hefur ekki viljað staðfesta hvers eðlis þessi gögn eru. Ef áætlanir ganga eftir heldur skipið úr höfn í dag. Í gær var landað úr bátnum eftir að lögregla veitti heimild til þess.

Lögreglan rannsakar nú þátt hvors mannsins fyrir sig í málinu en til greina kemur að þeir beri mismikla ábyrgð á verknaðinum.

snaeros@frettabladid.is



### Tjón á bílnum

Nokkuð sá á rauðu Kia Rio-bílaleigubifreiðinni sem Thomas Møller Olsen hafði til afnota þegar henni var skilað laugardaginn 14. janúar. Hér sést framstuðari bílsins farþegamegin. Tjónið þykir benda til þess að bíllinn hafi farið um grýtta vegarslóða en heimildir fréttastofu herma jafnframt að skemmdir hafi verið á undirvagni bílsins.

### Gætu mætt hörku á Hrauninu

Hæstiréttur féllst ekki á ýtrustu kröfur lögreglu um gæsluvarðhald yfir mönnunum tveimur, sem grunaðir eru um að hafa banað Birnu Brjánsdóttur, og dæmdi mennina til tveggja vikna gæsluvarðhalds. Gæsluvarðhaldið afplána mennirnir í einangrun og fá í henni útivist einu sinni á dag í einrúmi.

Heimildir Fréttablaðsins herma að fangelsisyfirvöld hafi áhyggjur af því hvað gerist þegar einangrun mannanna ljúki. Stemningin innan fangelsisins bendi til þess að ekki verði hægt að vista mennina á meðal annarra afplánunarfanga því nokkurrar reiði gæti á meðal íslenskra fanga. Þeir hafi fylgst vel með fréttum undanfarið og ljóst sé að öryggi grænlensku fanganna sé stefnt í voða.

Fari svo að mennirnir hljóti dóm hér á landi geta þeir óskað eftir því að fá að afplána í heimalandinu. Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun gengur afgreiðsla slíkra óska oftast hratt fyrir sig og þær eru iðulega samþykktar.



**Páll Winkel fangelsismálastjóri.**

„Útlendingar sem afplána að fullu á Íslandi eiga möguleika á reynslulausn eftir að hafa afplánað helming dómsins ef ákvörðun um brottvísun þeirra liggur fyrir,“ segir Páll Winkel fangelsismálastjóri.

Upplýsingar Fréttablaðsins úr röðum lögreglunnar segja að ákvörðun Hæstaréttar um tveggja vikna gæsluvarðhald, í stað fjögurra, sé eflaust byggð á því hversu íþyngjandi einangrunarvist er. Undir þetta tekur Páll, „Menn taka þessu mjög misjafnlega. Það sem menn eiga þó sameiginlegt er að vera mjög langt niðri [á meðan á einangrun stendur]. Við þurfum bara að passa upp á grunnþarfir.“





FRUMSÝNING

500X

28. - 29. janúar

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 11-15




**Volkswagen Passat GTE** er jafnvígur á rafmagn og bensín. Þú kemst flestra þinna ferða á raforkunni einni saman, en í langferðum tekur sparneytin bensínvélin við. Sjaldan hefur jafn umhverfisvænn og ástríðufullur fjölskyldubíll sameinast í eins glæsilegum bíl og Passat GTE. Snerpan og mýktin sem hann býr yfir gerir aksturinn að hreinni skemmtun. Bjóddu framtíðinni heim og skiptu yfir í Passat GTE.

**Verð frá 4.790.000 kr.**

**Volkswagen Passat GTE, sjálfskiptur með 218 hestafla bensín- og rafmótor. Drægni allt að 50 km á rafmagni.**
Staðalbúnaður meðal annars: Leðurklætt aðgerðastýri með skiptingu í flipa, Alcantara sæti með rafmagnsstillanlegum bakstuðningi, hiti í framsætum, lyklalaus ræsing, LED lýsing í innanrými, Bluetooth búnaður fyrir síma og tónlist, margmiðlunartæki með 6,5" litaskjá, geislaspilari, SD, AUX, USB, regnskynjari, viðvörunarkerfi ökumanns, “Hill assist” sjálfvirk handbremsa, 7 loftpúðar, hraðastillir, nálgunarvarar að aftan og framan, bakkmyndavél, litað gler í afturrúðum, rafmagnsopnun á afturhlera, LED aðal- og dagljósabúnaður, 17" Montpellier álfelgur, 8 ára ábyrgð á rafhlöðu. Car-net áskrift, fjarstýrð tenging við bíl í gegnum snjalltæki til að kveikja á miðstöð og hleðslu. Þú þarft aldrei að fara inn í kaldan bíl.

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

## Blaðamannaverðlaun 2016

Blaðamannaverðlaun Blaðamannafélags Íslands verða veitt í 14. skipti þann 4. mars næstkomandi. Tilnefningar dómnefndar verða kynntar viku fyrir afhendingu en skilafrestur tilnefninga til dómnefndar er föstudagurinn 27. janúar.

Eins og á síðasta ári verða verðlaunin veitt í fjórum flokkum en þeir eru þessir:



- Besta umfjöllun ársins 2016
- Viðtal ársins 2016
- Rannsóknarblaðamennska ársins 2016
- Blaðamannaverðlaun ársins 2016

Hægt er að senda inn tilnefningar til verðlaunanna á skrifstofu Blaðamannafélagsins í Síðumúla 23 á auglýstum skrifstofutíma ásamt gögnum með röksemdafærslu fyrir tilnefningunni. Jafnframt er hægt að tilnefna með rafrænum hætti á heimasíðu BÍ, www.press.is



## HANDKLÆÐAOFNAR

Hvítir og króm, beinir og bognir, margar stærðir!

**Verðdæmi:**
Beinn hvítur
50x80cm kr. **7.890**

Boginn hvítur
60x120cm kr. **10.890**

Beinn króm
50x120cm kr. **16.890**

Boginn króm
50x80cm kr. **12.890**



Kletthálsi 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



## FERÐAKYNNING

Þrjár lúxussiglingar
- Karíbahafið og New Orleans
- Singapúr - Víetnam - Filippseyjar
- Hawaii - Bora Bora - Ástralía



vita



Guðrún Bergmann, Héðinn S. Björnsson og Þóra Valsteinsdóttir kynna þrjár glæsilegar siglingar á morgun, miðvikudag 25. janúar.

Kynningin verður hjá VITA, Skógarhlíð 12, og hefst kl. 19:30. Gengið er inn neðan við húsið, á endanum, gegnt Hlíðarenda.

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS


## Harmleikur á Ítalíu




Liðsmenn Rauða kross Ítalíu sjást hér á gangi í aðgerðastöðinni í Penne. Stöðin er um tuttugu kílómetra frá Rigopiano-hótelinu sem snjóflóð féll á í síðustu viku. Björgunarfólk hefur unnið sleitulaust frá því flóðið féll við að leita þeirra sem festust inni á hótelinu en þak þess hrundi í flóðinu. Hingað til hafa sex lík fundist. NORDICPHOTOS/AFP

# Garðabær vill kaupa Vífilsstaðalandið

**Garðabær hefur falast eftir því að kaupa Vífilsstaðalandið af ríkinu og hafa fimm samningafundir verið haldnir milli aðila á síðustu mánuðum. Hugmyndir um nýtt sjúkrahús og aukna íbúðabyggð hafa skotið upp kollinum á síðustu árum.**

**GARÐABÆR** Fulltrúar fjármálaráðuneytisins og Garðabæjar hafa fundað fimm sinnum um möguleg viðskipti með land Vífilsstaða síðustu mánuði. Enginn kjörinn fulltrúi hefur setið umrædda fundi heldur aðeins bæjarstjóri og bæjarritari.

Af hálfu fjármála- og efnahagsráðuneytisins hafa starfsmenn þeirrar skrifstofu ráðuneytisins sem farið hefur með eignamál ríkisins setið fundina. Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs Garðabæjar, segir bæjarstjóra hafa leitt þessar samningaviðræður fyrir hönd bæjarins. Ekki hefur hins vegar verið ákveðið hvernig nýta eigi landið komi til þess að sveitarfélagið kaupi landið.

Fundað var í ágúst, september og desember og segir í skriflegu svari ráðuneytisins að Garðabær vilji kaupa landið. Síðustu ár hefur verið heimild í fjárlögum Alþingis til þess að selja jörðina komi nægilega gott boð í hana að mati ráðuneytisins.

„Framangreindir fundir milli ráðuneytisins og sveitarfélagsins hafa snúist um áhuga sveitarfélagsins á að eignast land í eigu ríkisins innan marka sveitarfélagsins. Fundirnir hafa verið upplýsingafundir sem byggst hafa á vilja sveitarfélagsins að standa fyrir uppbyggingu til framtíðar á hluta Vífilsstaðalandsins. Á fundunum hefur verið farið yfir þær hugmyndir sem hvor aðilinn um sig hefur til slíkrar uppbyggingar og hvernig rétt sé að verðleggja slík svæði verði af sölu þeirra til sveitarfélagsins,“ segir í svari fjármála- og efnahagsráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins.



Á Vífilsstöðum var rekinn berklaspítali sem hóf starfsemi 1910. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs Garðabæjar.

Fundargerðir eða minnisblöð eru ekki til í ráðuneytinu um téða fundi ríkisins með Garðabæ um möguleg kaup sveitarfélagsins á landi Vífilsstaða og er virði eignanna ekki ákveðið. „Einstakir fundarmenn hafa tekið niður persónulega minnispunkta í tengslum við viðræðurnar en ekki hafa verið haldnar formlegar eða sameiginlegar fundargerðir eða sérstök minnisblöð skrifuð eftir hvern fund,“ segir í svari ráðuneytisins.

„Þetta eru vinnubrögð meirihluta Garðabæjar í hnotskurn. Umræða hefur verið lítil sem engin í bæjarstjórn eða bæjarráði um málið og enginn rökstuðningur fyrir því á hvaða forsendum Garðabær ætlar sér að kaupa landið,“ segir María Grétarsdóttir, bæjarfulltrúi Lista fólksins. „Til að mynda hefur Sjálfstæðisflokkurinn neitað okkur um áheyrnarfulltrúa í skipulagsnefnd bæjarins og er það ekki í anda góðrar stjórnsýslu.“

sveinn@frettabladid.is




# #FJÖRUGASTUR

Ford Fiesta er fjörugur og skemmtilegur bíll. Mest seldi bíll í Evrópu fjórða árið í röð. Fyrir því eru góðar ástæður. Ríkulegur staðalbúnaður, Bluetooth samskiptakerfi, fimm stjörnu öryggi, hagstætt verð og lágur rekstrarkostnaður. Fiesta höfðar til þeirra sem vilja eiga fjörugar stundir undir stýri og þeirra sem leitast eftir sparneytni og öryggi.

BEINSKIPTUR FRÁ:

**2.290.000** KR.

**FORD ER FRÁBÆR!**
Við viljum að þú upplifir gæði Ford og bjóðum því lengri og betri reynsluakstur
– **komdu núna!**

**Þrír fá frían Ford í þrjá mánuði!**
Nöfn allra sem reynsluaka nýjum Ford í janúar fara í pott og verða þrír heppnir dregnir út sem fá frí afnot af Ford í þrjá mánuði!

**LENGRI OG BETRI REYNSLUAKSTUR**
– þú getur fengið hann í allt að **24 tíma!**

24

Ford

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16






Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, vill halda framleiðslustörfum í landinu. „Við ætlum að fækka reglugerðum stórlega en reglugerðirnar sem eftir standa munu vernda borgara alveg jafn vel,“ sagði forsetinn á blaðamannafundi NORDICPHOTOS/AFP

# Hyggst lækka skatta og draga úr reglugerðum

**Nýr Bandaríkjaforseti ætlar að koma í veg fyrir flutninga bandarískra fyrirtækja til útlanda. Skattar á fyrirtæki í Bandaríkjunum verða lækkaðir en ofurskattur lagður á innflutning varnings bandarískra fyrirtækja sem flutt hafa úr landi.**

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, hyggst fækka reglugerðum og lækka skatta á fyrirtæki í von um að færri fyrirtæki flytji úr landi. Ef fyrirtæki hyggjast samt flytja úr landi verða háir skattir lagðir á innfluttan varning umræddra fyrirtækja. Frá þessu greindi Trump í gær en áformin eru í takt við stefnumál hans í forsetakosningum síðasta árs.

„Við ætlum að fækka reglugerðum stórlega en reglugerðirnar sem eftir standa munu vernda borgara alveg jafn vel,“ sagði forsetinn við blaðamenn að loknum morgunfundi hans í Hvíta húsinu með framkvæmdastjórum stórfyrirtækja á borð við Tesla, Whirlpool og Johnson & Johnson.

> Við ætlum að fækka reglugerðum stórlega.
>
> Donald Trump, forseti Bandaríkjanna

Ef áætlun Trumps kemst í framkvæmd mun fyrirtækjaskattur lækka úr 35 prósentum í 15 eða 20 prósent. Þá mun reglugerðum á fyrirtæki einnig fækka um allt að 75 prósent.

Frá því Trump náði kjöri hafa nokkur fyrirtæki hætt við áform um að flytja framleiðslu úr landi. Til að mynda hætti loftræstingarframleiðandinn Carrier við að flytja 1.100 störf til Mexíkó. Þá kynnti Fiat Chrysler 113 milljarða króna uppbyggingu fyrirtækisins í Michigan og Ohio og Ford að fyrirtækið myndi verja sömu upphæð í uppbyggingu í Michigan í stað þess að flytja hluta framleiðslunnar til Mexíkó.

Sergio Marchionne, framkvæmdastjóri Chrysler Fiat, hefur þó sagt ákvörðunina algjörlega ótengda stefnu Trumps. Þá hefur verkalýðsforinginn Chuck Jones, sem er í forsvari fyrir starfsmenn Carrier, gagnrýnt Trump fyrir að eigna sér heiðurinn að því að „bjarga 1.100 störfum Bandaríkjamanna“. Í desember sagði Jones að Trump ætti heiðurinn af 800 þessara starfa. Ekki hefði staðið til að flytja hin úr landi.

Trump hefur staðið í ströngu fyrstu daga sína í embætti. Í gær skrifaði hann undir forsetatilskipun um að Bandaríkin skyldu draga sig út úr fríverslunarsamningnum Trans-Pacific Partnership (TPP) líkt og hann lofaði að gera í kosningabaráttunni. Áður höfðu tólf ríki skrifað undir samninginn. Barack Obama, fyrrverandi forseti, var hlynntur samningnum.

BBC greinir frá því að tilskipunin sé í raun aðeins táknræn þar sem bandaríska þingið hafi aldrei samþykkt samninginn og því hafi tilskipunarinnar ekki verið þörf.

Þá skrifaði Trump einnig undir tilskipun um að hætta að fjármagna aðila sem bjóða konum upp á meðgöngurof. Tekur hann þar með á ný upp stefnu sem kennd er við Mexíkóborg og hefur verið innleidd og lögð niður endurtekið undanfarin 33 ár. Forsetar úr röðum Repúblikana hafa innleitt hana en Demókratar lagt hana niður.

Trump undirritaði einnig ráðningarbann í stéttum opinberra starfsmanna sem tengjast ekki hernum. **thorgnyr@frettabladid.is**


SUZUKI
Way of Life!
FULLVAXINN BALENO
Á SMÁBÍLAVERÐI!
VERÐ FRÁ KR.
2.260.000
BALENO
KOMDU
OG PRÓFAÐU
HANN
NÝR TÍMAMÓTA BALENO
BALENO setur ný viðmið í nýtingu rýmis.
Hann hefur mesta innra-og farangursrými í sínum
flokki og er um leið sérlega vel hannaður og glæsilegur
... samruni hönnunar og rýmis.
Við kynnum nú í fyrsta sinn Suzuki Baleno með
MILD HYBRID vél, ásamt tveimur sparneytnum
bensínvélum, 1,0 Boosterjet og 1250 Dualjet.
Meðal eyðsla frá 4,0 l/100km.
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
SUZUKI
Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Ekki hægt án þeirra



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Hugur þjóðarinnar er hjá fjölskyldu Birnu Brjánsdóttur. Harmur aðstandenda hennar er ólýsanlegur.

„Það er dapurlegt að ung kona í blóma lífsins hafi verið hrifin burt frá okkur með þessum hætti," sagði Grímur Grímsson, sem stýrir rannsókn á málinu, á sunnudag. Það sem er óhugnanlegast við hvarf og dauða Birnu er að hún virðist ekki hafa haft nein tengsl við þá sem hafa stöðu sakbornings í málinu. Hvarf hennar og dauði er algjörlega tilviljanakennt. Hver sem er hefði getað verið þarna á ferð á þessum tíma. Það var ekkert óvenjulegt við ferðir Birnu og háttsemi. Hún fór út að skemmta sér með vinum, fékk sér skyndibita á eftir og ætlaði síðan heim. Allt ungt fólk sem stundar næturlífið í Reykjavík hefur verið í þessum aðstæðum á einhverjum tímapunkti.

Reykjavík er fremur örugg borg á alla hefðbundna mælikvarða og grófir ofbeldisglæpir eru sjaldgæfir. Þetta sést þegar afbrotatölfræði í höfuðborginni á hverja þúsund íbúa er borin saman við sambærilega tölfræði í erlendum borgum. Við þurfum samt að hafa hugfast að Reykjavík er alþjóðleg borg. Við þurfum að eiga samtöl við unga fólkið um þær hættur sem geta leynst í miðbænum og ólýsanleg illska þrífst í þessum heimi hvort sem okkur líkar betur eða verr. Við þurfum líka að eiga samtöl um styrkinn sem felst í félagslegum tengslum. Við þurfum að gæta bræðra okkar og systra. Það er hættulegt fyrir ungt fólk að vera eitt á ferð seint að nóttu til í alþjóðlegri borg. Það eru líka til öpp fyrir snjallsíma sem tryggja örugga heimför þeirra sem eru einir á ferð.

Móðir Birnu hefur sýnt ótrúlegan styrk í þessu máli. Það var hún sem lýsti fyrst eftir henni og hóf leit með aðstoð annarra því hún vissi vel að það var fullkomlega á skjön við skaphöfn dóttur hennar að láta ekki vita af sér. Lögreglan hefur staðið sig af stakri prýði við rannsókn á málinu og upplýsingagjöf hennar til almennings og fjölmiðla hefur verið til fyrirmyndar. Það er hins vegar eitt við rannsókn og leit að Birnu Brjánsdóttur sem aldrei má gleymast og það er þáttur björgunarsveitanna.

Það hefði ekki verið hægt að fá botn í hvarf Birnu á einni viku án aðstoðar björgunarsveitanna. Þetta kom skýrt fram í viðtali RÚV við Ásgeir Þór Ásgeirsson yfirlögregluþjón á sunnudagskvöld. Stór hópur vel menntaðra sérfræðinga frá björgunarsveitunum aðstoðaði lögregluna við að vinna úr gögnum og fylgja eftir vísbendingum, kom með tilgátur, kortlagði leitarsvæði og gengnir voru sjö þúsund kílómetrar við leit.

Höfum hugfast að vinna sjálfboðaliða er ekki sjálfgefin. Meðal helstu tekjuleiða björgunarsveitanna eru frjáls framlög frá almenningi, sala flugelda og sala Neyðarkallsins. Við getum endurspeglað þakklæti okkar í verki.

**Það hefði ekki verið hægt að fá botn í hvarf Birnu á einni viku án aðstoðar björgunarsveitanna.**





## Halldór





## Frá degi til dags

**Ítrekuð þingmál**

**Einn af löstunum við íslenska stjórnskipan er hversu erfitt getur verið fyrir alþingismenn, sem ekki eru ráðherrar, að fá þingmál afgreidd. Þetta leiðir oft til þess að þingmenn leggja ítrekað fram frumvörp um sama málið. Þannig hefur það til dæmis verið með Vilhjálm Árnason, þingmann Sjálfstæðisflokksins, sem þekktur er fyrir baráttu sína fyrir afnámi einkasölu ríkisins á áfengi. Hefur þingmaðurinn í tvígang flutt frumvörp á Alþingi um þetta án þess að það hafi verið tekin afstaða til þeirra í atkvæðagreiðslu eftir þriðju umræðu, eins og þingsköp gera ráð fyrir.**

**Breytt landslag**

**Nú er ný ríkisstjórn tekin við sem sumir segja að sé hægrisinnaðasta stjórn Íslandssögunnar. Þá verður fróðlegt að sjá hvort Vilhjálmur dustar rykið af gamla þingmálinu og leggur það fram í von um að þingmenn samstarfsflokkanna séu frjálslyndari í viðhorfum en Framsóknarmenn voru. Nú, svo er aldrei að vita nema að nýjum fjármálaráðherra, Benedikt Jóhannessyni, fylgi ferskur andblær og vilji til þess að ýta á eftir því að þetta þingmál nái fram að ganga. Það er jú fjármálaráðherrann sem fer með málefni Vínbúðanna.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Ruglið í Oxfam



Guðmundur Edgarsson
málmenntafræðingur og kennari

Oxfam-stofnunin birti á dögunum hina árlegu skýrslu sína um ójöfnuð og fátækt í heiminum. Helsta niðurstaða skýrslunnar er að átta ríkustu menn heims eigi samanlagt meira en helmingur jarðarbúa. Hvað segir það okkur? Nákvæmlega ekkert eins og hér verður rakið.

**Hæpnir útreikningar**

Fyrst ber að nefna að útreikningar Oxfam byggja á nettóeignum fólks, þ.e. eignum að frádregnum skuldum. Út frá þeim mælikvarða má fá ótal furðulegar niðurstöður, t.d. þá að ef þú átt 250.000 kr. nettó, átt þú meira en helmingur jarðarbúa að meðaltali. Litla dóttir mín varð um daginn ríkari en tveir milljarðar jarðarbúa samanlagt við það eitt að áskotnast tvö þúsund kall í vasapening. Fjölmennur hópur íbúa heimsins á nefnilega engar fjárhagslegar eignir auk þess sem talsverður hópur fólks skuldar mikið. Og þótt áttmenningarnir eigi meira en helmingur mannkyns segir það ekkert um auðæfi þeirra sem hlutfall af heildareignum jarðarbúa. Samkvæmt Forbes er það hlutfall hverfandi lítið svo ástæðulaust er að óttast að Bill Gates og félagar séu á góðri leið með að sölsa allt undir sig.

**Lífsgæðajöfnuður eykst**

Það er bagalegt að Oxfam byggir greiningu sína á þeirri mýtu að verðmætasköpun sé fasti, þ.e. að verði einn ríkur, þá verði annar óhjákvæmilega fátækari. Þetta er vitleysa því að jafnaði bæta viðskipti hag allra, sérstaklega í formi aukinna lífsgæða, þótt sumir verði ríkari en aðrir. Sem dæmi eiga flestir þvottavél, bíl og tölvu í dag sem áður fyrr var einungis á færi þeirra efnameiri. Mun fleiri geta nú ferðast til útlanda svo annað dæmi sé tekið. Synd er að Oxfam minnist ekki einu orði á þetta lögmál markaðsfrelsis og gerir lítið með þá staðreynd að sárafátækum í heiminum hefur fækkað verulega undanfarin ár. Engu að síður er það áhyggjuefni að um tíundi hver einstaklingur býr við mikla fátækt en það verður ekki leyst með því að gera hina ríku fátækari heldur hina fátæku ríkari.

**Og þótt áttmenningarnir eigi meira en helmingur mannkyns segir það ekkert um auðæfi þeirra sem hlutfall af heildareignum jarðarbúa.**

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Einstaklingarnir hans Bjarna



**Í DAG**



Ögmundur Jónasson
fv. alþingismaður

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra segir að einstaklingum sé treystandi fyrir náttúruperlum. Nú er ég einstaklingur og velti ég því fyrir mér hvort orðunum væri beint til mín og allra hinna einstaklinganna sem höfum malbikað vegina á Íslandi, gert bílastæðin við Geysi, Gullfoss og Kerið og að Sólheimajökli aka menn á vegum sem lagðir eru fyrir peningana okkar. Og af þessu erum við stolt.

Fyrir bragðið getur fólk ekið um landið og notið náttúrunnar, óháð efnahag. Í uppvexti barna minna fórum við á hverju einasta ári hringinn, heilan eða hálfan, komum aftur og aftur til að skoða náttúrudjásnin, fræðast um þau og njóta þeirra, gera þau samofin sjálfsvitund okkar.

**Hvað með þig, lesandi góður?**

En ég þykist vita að það séu allt aðrir einstaklingar sem forsætisráðherrann á við, þeir einstaklingar sem hann segist treysta svo vel. Einstaklingarnir hans Bjarna Benediktssonar vilja nefnilega breyta öllu þessu. Þeir eru staðráðnir í að fénýta náttúruna í eigin þágu og síðan hafa þeir fengið ferðamálaráðherra í lið með sér, auk forsætisráðherrans, sem telur þetta geysilega eftirsóknarvert því með þessu móti megi stýra aðgangi okkar að náttúrunni. Sem sagt efnahagurinn ráði því hver fái að skoða hvað í landinu okkar. Þetta er allt annað tal en við heyrum frá Landvernd og öðrum ámóta sem vilja friðlýsa og takmarka aðgengi tímabundið af verndarástæðum.

**Almenningur vill eitt, hagsmunaaðilar annað**

En halda þau virkilega að þau komist upp með þetta? Ætlar þú, lesandi góður, að láta þetta fólk stela af okkur landinu, rukka okkur fyrir að horfa á sköpunarverkið og njóta náttúrunnar nema gegn gjaldi – ofan í þeirra vasa?

Nú má vel vera að takmarka þurfi aðgang að Íslandi yfirleitt. Hægur vandinn væri að gera það í Leifsstöð. Hætta að stækka þjónustusvæðið sjálfkrafa þegar flugfélögin krefjast þess; segja þeim einfaldlega að þau geti flogið á Egilsstaði eða Akureyri eða þá Ísafjörð. Fullbókað sé í Leifsstöð.

Síðan hélt ég að allur almenningur væri sammála um að skattleggja túrismann í flugstöðvunum eða á hótelunum. Nei, handlangarar flugfélaganna og hótelanna í Stjórnarráði Íslands hlusta ekki á neitt slíkt enda varðstöðumenn hagsmuna, telja hins vegar í lagi að skattleggja íslensk börn! Og vegfarendur. Síðan þykist þetta fólk vera svo mikið á móti sköttum og hvers kyns gjaldtöku. Fólk eigi einvörðungu að greiða fyrir veitta þjónustu.

**Hvaða einstaklingum á að taka mark á?**

Auðvitað mátti búast við þessu. Þetta er fólkið sem vill einkavæðingu. En það breytir því ekki að manni verður illt að sjá landeigendur mætta í fjölmiðlana með vatn í munni. Og þegar eru þeir farnir að læsa hellum og setja upp rukkunarskúra.

Þetta þurfum við að stöðva; við sem ekki teljumst vera einstaklingar samkvæmt orðabók nýrrar ríkisstjórnar, en höfum þó byggt upp þetta land. Um þetta ætla ég ekki að hafa fleiri orð á þessu stigi að öðru leyti en að segja það skýrt og skilmerkilega að hér eru ráðherrar og ríkisstjórn komin í stríð við fjöldann allan af fólki sem telur sig vera einstaklinga sem þurfi að taka mark á; einstaklinga af holdi og blóði, ekkert síður alvöru einstaklinga en þá sem nú munda posavélarnar.

**Ætlar þú, lesandi góður, að láta þetta fólk stela af okkur landinu, rukka okkur fyrir að horfa á sköpunarverkið og njóta náttúrunnar nema gegn gjaldi – ofan í þeirra vasa?**

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland



FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

## Svona stóðu strákarnir sig á HM í Frakklandi

Íþróttadeild 365 gaf landsliðsmönnunum einkunn fyrir alla sex leiki Íslands á HM í Frakkland. Einkunnir voru á bilinu einn til sex.

**Meðaleinkunn leikmanna Íslands á HM:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Bjarki Már Elísson | 4,5 | 6. Arnar Freyr | 3,2 | 13. Janus Daði | 2,4 |
| 2. Bjarki Már Gunn. | 4,3 | 8. Björgvin Páll | 3,0 | 14. Gunnar St. | 2,3 |
| 3. Rúnar Kárason | 3,8 | 8. Ólafur Guðm. | 3,0 | 15. Ásgeir Örn | 2,2 |
| 4. Arnór Atlason | 3,3 | 8. Arnór Þór G. | 3,0 | 16. Kári Kristj. | 2,0 |
| 4. Guðmundur H. | 3,3 | 8. Ómar Ingi M. | 3,0 | **Geir Sveinsson** fékk | |
| 6. Guðjón Valur | 3,2 | 8. Aron Rafn Eðv. | 3,0 | 3,3 í meðaleinkunn. | |












## Þrír bestu menn Íslands á HM í Frakklandi samkvæmt einkunnagjöf 365







**Bjarki Már Elísson (til vinstri) var með hæstu meðaleinkunnina af leikmönnum Íslands á HM, Rúnar Kárason (fyrir ofan) varð í 2. sæti og Bjarki Már Gunnarsson (til hægri) var síðan með þriðju hæstu meðaleinkunnina.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA NORDICPHOTOS/GETTY

# Út með fjóra leikmenn

**Kristján Arason er á því að tími Guðjóns Vals, Arnórs Atla, Ásgeirs Arnar og Kára með landsliðinu sé liðinn. Hann segir nóg af mönnum til að taka við af þeim.**

**HANDBOLTI** Kristján Arason, einn af þremur leikmönnum sem hafa skorað þúsund mörk fyrir Ísland, hefur sterka skoðun á því hver næstu skref eiga vera hjá Geir Sveinssyni landsliðsþjálfara eftir að Ísland endaði í 14. sæti á HM í Frakklandi. Kristján vill frekari endurnýjun á íslenska liðinu.

### Blendnar tilfinningar

„Þó að það sé verið að byggja upp nýtt lið þá má metnaðurinn ekki minnka. Það er ekki stíll okkar Íslendinga að sætta okkur við fjórtánda sæti. Þetta eru blendnar tilfinningar en margt jákvætt átti sér samt stað," segir Kristján í samtali við íþróttadeild 365. Hann hrósar sérstaklega þremur bestu leikmönnum Íslands í einkunnagjöf 365.

„Rúnar Kárason er búinn að vinna sér inn fyrsta sætið en við erum búin að leita lengi að leikmanni í þessa stöðu eftir að Ólafur Stefánsson hætti. Þó að þeir séu mjög ólíkir leikmenn þá var Rúnar klárlega okkar besti leikmaður í þessari keppni," segir Kristján en Rúnar var með næsthæstu einkunnina. „Bjarki Elísson kemur inn og slær í gegn. Ég er á því að hann gæti orðið fyrsti maður í vinstra horninu sem er búið að vera einangrað í tuttugu ár af einum besta hornamanni heims," segir Kristján um Bjarka Má Elísson og hrósar einnig nafna hans í vörninni. „Bjarki Már Gunnarsson kom mjög á óvart og leið mjög vel þarna aftar í vörninni. 6:0 vörnin var okkar sterkasta vopn í mótinu," segir Kristján.

### Þurfa að taka stórar ákvarðanir

„Núna eru stórar ákvarðanir sem þjálfararnir verða að taka. Við erum með Guðjón Val, Arnór Atla, Ásgeir Örn og Kára. Ég er á því að fá bara unga leikmenn inn fyrir alla þessa fjóra leikmenn. Ég held að það sé kominn tími á að liðið hans Arons Pálmarssonar taki við. Við vorum með liðið hans Ólafs Stef og svo með liðið hans Guðjóns Vals. Mér finnst kominn tími á að gefa þessum yngri mönnum allt sviðið," segir hann.

Kristján segir að það sé nóg af ungum mönnum til að taka við en verði þessi ákvörðun tekin þá þurfi jafnframt að huga vel að liðinu á næstu misserum.

„Það er ekki nóg að gera þetta. Það þarf að færa margar fórnir. HSÍ og landsliðsþjálfararnir þurfa, ef þeir taka þessa ákvörðun, að sjá til að liðið komi saman í hvert skipti sem einhver möguleiki er á því. Liðið þyrfti þá að æfa saman meira en hinar þjóðirnar. HSÍ þarf að vera tilbúið að eyða peningum í þetta og þjálfararnir þurfa að vera frekir að fá leikmenn saman þrátt fyrir að tímabilið sé búið. Sumarfríin verða styttri en það er okkar styrkleiki að þessir strákar eru flestir hérna á höfuðborgarsvæðinu og geta því æft án þess að þurfa að búa á hótelum," segir Kristján. **ooj@frettabladid.is**

## Mennirnir fjórir sem Kristján Arason myndi henda út úr landsliðinu



**Kári Kristjánsson**
**32 ára**
línumaður
Spilar með ÍBV
**8. stórmót hans**
**121 landsleikur**
**Meðaleinkunn 365:**
2,0 (16. sæti af 16)



**Ásgeir Örn Hallgrímsson**
**32 ára**
hægri skytta
Spilar með Nimes
**15. stórmót hans**
**241 landsleikur**
**Meðaleinkunn 365:**
2,2 (15. sæti af 16)



**Arnór Atlason**
**32 ára**
leikstjórnandi
Spilar með Álaborg
**12. stórmót hans**
**193 landsleikir**
**Meðaleinkunn 365:**
3,3 (4. sæti af 16)



**Guðjón Valur Sigurðsson**
**37 ára vinstri**
hornamaður
Spilar með Rhein-Neckar Löwen
**20. stórmót hans**
**335 landsleikir**
**Meðaleinkunn 365:**
3, 2 (6. sæti af 16)



# KRILLOLÍA FYRIR HÚÐ, HEILA, HJARTA OG GOTT HEILSUFAR

**Artasan kynnir** Krill Oil frá Natures Aid er ómega-3 í sinni hreinustu og öflugustu mynd, sótt í Suðuríshafið sem er hreinasta hafsvæði veraldar. Líkaminn á auðvelt með að nýta sér fitukeðjurnar í krillolíunni og ekkert eftirbragð fylgir. Krillolía inniheldur náttúrulegan andoxara, astaxanthin, sem gerir hana mjög stöðuga og verndar gegn þránun.

Krill eða ljósáta er lítið krabbadýr sem lifir í efstu lögum sjávar. Krillolían frá Natures Aid er unnin úr suðurhafsljósátu en hún hefur mikið vægi í vistkerfi Suðurhafsins og fjöldi sjávardýra byggir tilveru sína beint og óbeint á þessu eina krabbadýri. Krill er neðst í fæðukeðjunni sem þýðir að krillolían er sú hreinasta sem finnst, en mengun af völdum þungmálma er að verða mikið vandamál í mörgum fisktegundum í dag.

„Krillolían hentar okkur gríðarlega vel því hún inniheldur svo kölluð fosfólípíð, fitusýrur sem gera það að verkum að olían blandast við vatn og upptakan verður mun betri. Af sömu ástæðu er talið að við ropum ekki upp bragði eftir inntöku á krillolíuperlum. Suðurhafskrillið inniheldur einnig náttúrulegt andoxunarefni sem heitir astaxanthin (rauði liturinn frá krabbadýrinu) og er það bæði mjög hollt fyrir okkur ásamt því að gefa krillolíunni mikinn stöðugleika og veita því vörn gegn þránun,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

### SJÁLFBÆRNI AÐ LEIÐARLJÓSI

Hrönn segir gríðarlega mikilvægt að maðurinn nýti auðlindir jarðar á skynsamlegan hátt og að ekki sé gengið á þær. „Með því að hafa sjálfbærni að leiðarljósi, tryggjum við aðgengi komandi kynslóða að þessum auðlindum og aukum líkurnar á meiri stöðugleika í náttúrunni. Superba er framleiðandi krillolíunnar frá Natures Aid og WWF (World Wide Fund for Nature) staðfestir að Aker BioMarine, sem veiðir og framleiðir Superba krillolíuna, stundar vistvænar og sjálfbærar veiðar.“

### ÓMEGA-3 ER HOLL FYRIR ALLA

Rannsóknir hafa að sögn Hrannar sýnt fram á að ómega-3 er góð fyrir æðakerfið, heilann, húðina og ónæmiskerfið. Sífellt fleiri rannsóknir leiða í ljós kosti þess að bæta ómega-3 fitusýrum inn í mataræðið og getur regluleg inntaka:




**Krill er neðst í fæðukeðjunni sem þýðir að krillolían er sú hreinasta sem finnst, en mengun af völdum þungmálma er að verða mikið vandamál í mörgum fisktegundum í dag.**

- Hækkað „góða“ HDL-kólesterólið
- Bætt minnið og aukið einbeitingu
- Mýkt liði og dregið úr stirðleika
- Dregið úr bólgum
- Dregið úr þurrkublettum á húð og minnkað exem
- Minnkað líkur á insúlínónæmi (sykursýki II)
- Minnkað líkur á þunglyndi
- Jafnað blóðsykurinn
- Eflt lifrarstarfsemina
- Haft góð áhrif á teygjanleika húðarinnar
- Unnið gegn öldrun

### LÍFSNAUÐSYNLEGAR FITUSÝRUR

Ómega-3 eru lífsnauðsynlegar fitusýrur rétt eins og ómega-6 en það þýðir að líkaminn framleiðir þær ekki sjálfur. „Við verðum að fá þær úr mat og/eða bætiefnum og það er mikilvægt að þessar tvær gerðir fitusýra séu í jafnvægi í líkamanum því hlutverk þeirra er mismunandi. Til einföldunar má segja að á meðan ómega-6 ýti undir bólgur og bólguviðbrögð sé ómega-3 bólguhamlandi. Nú til dags er gríðarlega algengt að fólk í vestrænum ríkjum innbyrði yfirdrifið nóg af ómega-6 en þeim mun minna af ómega-3 sem þýðir að virkni ómega-6 er of mikil en ómega-3 of lítil. Fyrir okkur þýðir þetta að líkur á krónískum bólgum eru meiri en rannsóknir benda til þess að samband sé á milli þessara bólgna og flestra lífsstílssjúkdóma,“ segir Hrönn.

Ómega-6 er í miklu magni í korni, maís, ódýrum matarolíum (sojabauna-, sólblóma- og kornolíu) og kjöti (og afurðum) af dýrum sem eru alin á korni. „Þarna erum við að fá allt of mikið af þessum annars nauðsynlegu fitusýrum en með því að velja vel og auka neyslu á hollari matvælum getum við hjálpað mikið til við að laga hlutföllin og auka almennt líkurnar á betri heilsu. Matur sem inniheldur mikið af ómega-3 er fyrst og fremst: makríll, þorsklifur, valhnetur, chiafræ, lax, hörfræ, túnfiskur (sem við eigum ekki að borða mikið af vegna þungmálma), hvítur fiskur, sardínur, hampfræ og ansjósur. Einnig skal nefna villihrísgrjón, nýrnabaunir og svartar baunir ásamt grænu káli en þessi upptalning er ekki tæmandi. Að auki ættu svo allir að taka inn ómega-3 á bætiefnaformi en þá er krillolían það besta sem völ er á.“



**Rannsóknir hafa sýnt fram á að ómega-3 er góð fyrir æðakerfið, heilann, húðina og ónæmiskerfið.**




**„Superba er framleiðandinn á krillolíunni frá Natures Aid og WWF (World Wide Fund for Nature) staðfestir að Aker BioMarine, sem veiðir og framleiðir Superba krillolíuna, stundar vistvænar og sjálfbærar veiðar.“**

**Útsölustaðir: Apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.**


## Aukakílóin burt!

natures aid

### Fjögur öflug þyngarstjórnunarefni




**Inulin:** Bætir meltinguna og auðveldar hægðarlosun. Hjálpar til við niðurbrot á innri fitu.




**Trim-It:** Örvar meltingu og eykur fitubrennslu.




**Raspberry Ketones** Minnkar sykurlöngun, jafnar blóðsykur og eykur fitubrennslu.

20% afsláttur á flestum sölustöðum




**GlucoSlim** Inniheldur trefjar sem framkalla seddutilfinningu, við borðum minna og lengri tími líður áður en við verðum aftur svöng.

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.







„Það besta í stöðunni er að ofhugsa þetta ekki og bara prufa, skella sér bara út og hjóla í vinnuna eða skólann. Þetta er minna mál en flestir halda,“ segir Róbert Grétar Pétursson hjólakappi.

# ÞÝÐIR EKKI AÐ OFHUGSA HLUTINA

Snjór og kuldi þarf ekki að vera fyrirstaða þegar kemur að hjólreiðum yfir háveturinn. Nagladekk og réttur klæðnaður skiptir þar miklu máli.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Það færist sífellt meira í vöxt að hjólið sé notað sem samgöngutæki allt árið hér á landi. Á meðan snjórinn var sem mestur í desember og fyrri hluta janúar á suðvesturhluta landsins sást til margra hjólreiðakappa hjólandi til og frá vinnu eða skóla. Einn þeirra er Róbert Grétar Pétursson sem hjólar reglulega til vinnu sinnar og heim aftur en hann segist nota hjólið bæði sér til heilsubótar og sem samgöngutæki. „Ég er bæði með fjallahjól og „cyclocross“ hjól sem ég get notað yfir veturinn en það er hægt að setja nagladekk undir bæði hjólin.“

Vafalaust setja margir fyrir sig að hjóla yfir háveturinn hér á landi í snjó og kulda en Róbert segir það vera óþarfa. „Það besta í stöðunni er að ofhugsa þetta ekki og bara prufa, skella sér bara út og hjóla í vinnuna eða skólann. Þetta er minna mál en flestir halda. Ég myndi halda að flestir væru að fara 12 km leið eða styttri sem tekur ekki langan tíma. Sjálfsagt hugsa margir að það sé svo kalt en svo þarf alls ekki að vera, sérstaklega ef fólk klæðir sig rétt.“

### HUGA ÞARF AÐ MÖRGU

Þótt enginn snjór sé á götum suðvesturhorns landsins þessa dagana mun það vafalaust breytast fljótlega. Þeir sem ætla sér að taka hjólin fram á næstunni þurfa að huga að ýmsum þáttum að sögn Róberts. „Hjólið sjálft þarf að vera í góðu lagi, þá helst gírar og bremsur, og það þarf að sjálfsögðu ljós bæði að framan og að aftan. Í hálku er nauðsynlegt að vera með nagladekk undir hjólinu en þau virka mjög vel. Til að hjólið virki sem best þarf að þrífa og smyrja það oftar á veturna en á sumrin.“

Hann leggur áherslu á að vindheldur fatnaður skipti miklu máli, jafnvel meira en vatnsheldur. „Verst er að fá kælinguna í gegnum fatnaðinn. Vindheldur fatnaður bjargar þar öllu þó maður blotni eitthvað smávegis. Ég ráðlegg fólki alltaf að klæða sig í þrjú lög á veturna og hafa þá hvert lag aðeins þynnra. Síðan er æskilegt að fatnaður sé í björtum litum eða með endurskini. Einnig er lykilatriði að passa upp á að verða ekki kalt á fótum, höndum og höfði.“



Með nagladekkjum eru hjólreiðar yfir háveturinn besta skemmtun og góð líkamsrækt.

### ÓRUDDIR STÍGAR VANDAMÁL

Mörg sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu eru farin að huga betur að snjómokstri á göngu- og hjólreiðastígum sem skiptir auðvitað öllu máli fyrir hjólreiðafólk yfir háveturinn að sögn Róberts. „Það hefur margt breyst til betri vegar undanfarin ár. Stígarnir eru vel ruddir í Reykjavík og Garðabæ en Hafnarfjörður og Kópavogur mættu nú alveg bæta sig.“ Það sem helst mætti bæta að sögn Róberts er þar sem stígar mætast eða stígur krossar yfir götu. Þar eru oft háir snjóruðningar sem fólk þarf að klöngrast yfir sem getur verið mjög erfitt auk þess sem slysahætta getur skapast. „Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu þyrftu að tala meira saman, því oft eru óruddir kaflar á stígum sem liggja á milli sveitarfélaga. Því er ekki samfelldur ruddur stígur á milli þeirra. Svo þegar veturinn er búinn og stígar auðir eru þeir oft mjög lengi ósópaðir eftir veturinn sem getur verið mjög hættulegt, þar sem laus sandurinn liggur á þeim.“

### NÓG AÐ GERA

Róbert og annað hjólreiðafólk gera þó margt annað en að hjóla úti í snjónum yfir veturinn. „Margir setja hjólin sín á „trainer“ sem er tæki sem hjólið er sett á svo hægt sé að hjóla innandyra. Við það bætist oft skjár tengdur við Zwift-hugbúnað þannig að hægt er að velja ólíkt umhverfi til að hjóla í. Hjólreiðafólk sækir líka mikið spinningtíma og margir fara í hjólaferðir til útlanda, bæði skemmtiog æfingaferðir. Hjólafélögin eru yfirleitt með árlegar hjólaferðir og þá er mjög vinsælt að fara til Tenerife og annarra áþekkra staða. Þannig að við höfum nóg að gera yfir veturinn.“









**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

# Kassakerfi & sjóðsvélar

24. janúar 2017

**KYNNINGARBLAÐ** dk hugbúnaður | Pappír

# Leiðandi í viðskiptahugbúnaði

Þjónusta við afgreiðslukerfi er sífellt stærri hluti af starfsemi **dk hugbúnaðar**. Nú er hægt að setja afgreiðslukerfi í farsíma og spjaldtölvur sem býður upp á mikil þægindi og tækifæri fyrir viðskiptavini. Þá býður dk hugbúnaður upp á bókhalds- og afgreiðslukerfi í áskrift.

Hugbúnaðarfyrirtækið dk hugbúnaður er leiðandi fyrirtæki á sviði viðskiptahugbúnaðar hér á landi fyrir smærri og meðalstór fyrirtæki.

Starfsemin hefur farið ört vaxandi undanfarin ár og í dag vinna 53 starfsmenn hjá fyrirtækinu, þar af sjö sem starfa í þjónustu við afgreiðslukerfi. Sú deild hefur stækkað töluvert á síðustu árum meðfram vaxandi hlut dk hugbúnaðar á íslenska afgreiðslukerfamarkaðnum, að sögn Hafsteins Róbertssonar, kerfisfræðings og sérfræðings í afgreiðslukerfum hjá fyrirtækinu.

„Nú er svo komið að afgreiðslukerfi eru sett upp á alls kyns vélbúnaði hjá fyrirtækjum og verslunum, m.a. á iPhone-farsímum og iPad-spjaldtölvum, þannig að starfsumhverfið í afgreiðslukerfadeildinni er í stöðugri þróun. Undanfarið höfum við séð mikla aukningu í notkun á spjaldtölvum og einnig hefur komið á markað mikið af jaðarbúnaði sem hægt er að nota með þessum tækjum, til dæmis prentarar og posar. Þessi nýlegu tæki ásamt afgreiðslukerfi okkar bjóða því upp á mikil þægindi og aukin tækifæri fyrir viðskiptavini okkar.“

dk hugbúnaður býður meðal annars upp á bókhalds- og afgreiðslukerfi í áskrift. „Við bjóðum bæði upp á afgreiðslukerfi í hefðbundnar afgreiðslutölvur en líka fyrir iPhone-síma eða iPad-spjaldtölvur,“ segir Hafsteinn.

### Nútíma greiðslulausnir

„Mikil þróun hefur verið undanfarið í afgreiðslukerfinu hjá okkur og má helst nefna vildarkerfi og tengingu við alla nýju app-greiðslumiðlana eins og Netgíró, Pei, Aur, SíminnPay og posa frá Dalpay.“



„Við bjóðum bæði upp á afgreiðslukerfi í hefðbundnar afgreiðslutölvur en líka fyrir iPhone-síma eða iPad-spjaldtölvur,“ segir Hafsteinn Róbertsson, kerfisfræðingur og sérfræðingur í afgreiðslukerfum fyrirtækisins. MYND/STEFÁN

### dk iPOS afgreiðslukerfið



Hafsteinn segir markaðinn hafa kallað eftir snjalltækjalausnum og hafi dk hugbúnaður svarað því kalli. „dk POS pantanaappið fyrir iPad hefur t.d. notið mikilla vinsælda hjá veitingastöðum síðan það kom út fyrir þremur árum.

Nú hefur dk tekið þá lausn lengra og gert að fullgildu afgreiðslukerfi sem við köllum afgreiðslukerfi dk iPOS. Með því er hægt að vera með afgreiðslukassann bókstaflega í vasanum því hægt er að vera með kerfið á bæði iPhone-símum eða iPad-spjaldtölvum. Við þessi tæki er síðan hægt að tengja jaðarbúnað á borð við þráðlausa prentara og greiðsluposa frá Dalpay.“

Öll sala í dk iPOS afgreiðslukerfinu og samskipti við dk-bókhaldskerfið fer fram í gegnum skýjaþjónustu dk (vistun). Umsýsla birgða er leikur einn og salan bókast sjálfkrafa í dk fjárhagsbókhaldi. „Einfaldara verður það ekki fyrir viðskiptavini okkar,“ segir Hafsteinn.

**Nánari upplýsingar má finna á www.dk.is.**

dk hugbúnaður

**dk hugbúnaður, Bæjarhálsi 1 110 Reykjavík S: 510-5800 www.dk.is**


dk
debet | kredit
Bókhaldskerfi

dk viðskiptahugbúnaður er að öllu leiti þróaður á Íslandi með íslenskar aðstæður í huga. Sérfræðingar okkar í þróun eru sífellt að bæta kerfið í takt við nýja tíma og nýjungar í tækni eins og aðlögun að spjaldtölvum, snjallsímum og greiðsluveitum. dk POS afgreiðslukerfið er eitt öflugasta afgreiðslukerfið á markaðnum í dag.

Snjalltækjalausn
dk iPOS í afgreiðslu

dk iPOS er hagkvæm afgreiðslulausn sem eykur hraða og skilvirkni í sölu. dk iPOS afgreiðslukerfið er tengt bakvinnslukerfi og dk bókhaldskerfi.



dk iPOS | í áskrift
dk | Snjalltækjalausnir

dk hugbúnaður ehf | Bæjarhálsi 1 | 110 Reykjavík | Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri | www.dk.is | 510 5800



# Treysta mest á tilfinninguna

Verslunin Kjötborg í Reykjavík er ein fárra verslana sem ekki notast við kassakerfi heldur sjóðsvél. Bræðurnir Gunnar og Kristján Jónssynir hafa ríkt þar í rúm 35 ár og eru límheilar þegar kemur að vöruverði, bæði í eigin verslun og hjá öðrum stærri samkeppnisaðilum.

Bræðurnir Gunnar og Kristján Jónssynir, kaupmenn í Kjötborg á Ásvallagötu í Reykjavík, hafa sett skemmtilegan svip á hverfið síðustu áratugi. Verslun þeirra, sem stendur á horni Ásvallagötu og Blómvallagötu, er nokkurs konar félagsmiðstöð í hverfinu þar sem ungir og gamlir hverfisbúar hittast og spjalla yfir innkaupunum.

Eitt sem einkennir verslun þeirra bræðra er sjóðsvélin góða en þeir hafa aldrei sett upp kassakerfi í verslun sinni sem Gunnar telur einfaldlega of dýrt miðað við stærð hennar. „Hér höfum við aldrei notað strikakerfi. Þegar maður er með svona lítið batterí þá hefur maður svo mikla tilfinningu fyrir því hvaða vörur vanti og þarf ekki skráningar með sama hætti og stærri verslanir. Hér erum við bara tveir bræðurnir og treystum hvorum öðrum og reynum að gera þetta eins vel og hægt er.“

## Límheili á verð

Strimillinn sem viðskiptavinurinn fær inniheldur því bara upphæðir einstakra vara sem eru keyptar, án nánari upplýsinga, auk upphæðar virðisaukaskatts í hvorum flokki. Hann segir ekki marga kvarta yfir þessu fyrirkomulagi þótt einn og einn spyrji hvað þessar tölur á strimlinum þýði eiginlega. „Þá segi ég þeim nú bara að spyrja mig enda er ég límheili á verð. Reyndar er ég oft með verðin hjá Krónunni, Bónus, Víði og fleiri verslunum á hreinu líka þótt enginn sé að spyrja um þau verð.“

Báðir hafa þeir starfað við verslun í áratugi en fjölskylda þeirra hóf rekstur verslunar í Búðargerði í Reykjavík árið 1956. „Þar vorum við til 1981 þegar við tókum yfir rekstur Kjötborgar en verslun hefur verið rekin í þessu húsnæði samfellt síðan árið 1929, upphaflega sem verslun Péturs Kristjánssonar. Í upphafi voru það Kristján bróðir minn og faðir okkar sem ráku verslunina. Sjálfur rak ég verslun í Stórholti en bættist í hópinn 1986. Eftir að faðir okkar féll frá 1988, langt fyrir aldur fram, ákváðum við að selja verslunina í Stórholti og einbeita okkur að einum stað.“



„Hér höfum við aldrei notað strikakerfi. Þegar maður er með svona lítið batterí þá hefur maður svo mikla tilfinningu fyrir því hvaða vörur vanti og þarf ekki skráningar með sama hætti og stærri verslanir,“ segir Gunnar Jónsson í Kjötborg. MYND/STEFÁN

## Gaman af starfinu

Eftir áratuga reynslu af verslunarrekstri man Gunnar tímana tvenna þegar kemur að sjóðsvélum og forverum hennar. „Í raun voru engar sjóðsvélar í upphafi þegar ég hóf störf í verslun heldur bara handknúnar reiknivélar með sveif. Seinna komu sjóðsvélarnar, fyrst handknúnar og síðar, líklegast um 1970, vélar sem gengu fyrir rafmagni. Það voru tölur á tökkunum og við breytingu á krónunni árið 1981 urðu þeir sjálfkrafa óvirkir því þá hækkuðu allar upphæðir svo brjálæðislega mikið. Í dag notum við rafmagnsknúna sjóðsvél með tveimur skattflokkum.“

Aðspurður hvort þeir bræður ætli að skipta yfir í kassakerfi segir hann það nær útilokað. „Við gerum það nú varla úr þessu þótt við munum vafalaust reka verslunina áfram næstu árin. Ég verð 64 ára á þessu ári og Kristján bróðir minn verður 55 ára. Við munum reka verslunina svo lengi sem heilsan er góð og við höfum gaman af þessu. Í dag höfum við enn mjög gaman af starfi okkar enda báðir mikið fyrir mannleg samskipti sem skiptir nær öllu máli í svona rekstri. Það má því segja að ef við erum ekki ömurlega leiðinlegir við kúnnann og getum hreyft okkur þá verðum við einhver ár hér í viðbót. Annars er best að gefa sem minnstar yfirlýsingar, eins og stjórnmálamenn orða það, og halda öllu opnu.“




ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jón Ívar Vilhelmsson| jonivar@365.is | s. 512-5429
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson

# Íslensk framleiðsla hagkvæmari

**Pappír hf.** heldur upp á 30 ára afmæli á þessu ári, en fyrirtækið hefur frá stofnun sérhæft sig í framleiðslu á pappírsrúllum fyrir kassa- og posakerfi fyrir verslanir, veitingahús og hvaða aðra starfsemi sem er. Góð þjónusta og sanngjarnt verð eru í fyrirrúmi.

„Í dag má heita að svo til allar rúllur sem notaðar eru séu framleiddar úr thermalpappír, pappír sem skrifast á fyrir tilstuðlan hita, sem prentarar gefa frá sér. Með því sparast blekborðar og auk þess fæst nánast hljóðlaus prentun á pappírinn og margfalt hraðvirkari. Við höfum ávallt kappkostað að veita góða þjónustu á sanngjörnu verði. Við prentum lógó fyrirtækja aftan á posarúllurnar eftir óskum og keyrum vörur daglega út til viðskiptavina, án aukakostnaðar,“ segir Jóhannes Sigurðsson, framkvæmdastjóri Pappírs hf.

„Pappírinn sem við notum kemur frá Finnlandi og flytjum við hann beint inn frá framleiðanda. Við höfum átt í góðu samstarfi við það fyrirtæki í 7 ár og fluttum á síðasta ári inn um 130 tonn. Thermalpappír er af margvíslegum gerðum og gæðum. Mislangur líftími getur verið á prentuninni og mismunandi efnasambönd í thermalhúðinni. Oft kemur upp umræða um krabbameinsvaldandi efni í vörunni en við hjá Pappír hf. höfum skipt út öllum pappír og teljum okkur vera með það besta sem hægt er að fá og án aukaefna,“ segir Jóhannes og bendir á að ódýrari vara sé ekki endilega betri. Horfa verði í fleiri þætti en verð og ekki megi bera saman „epli og appelsínur“.

„Nú er verið að bjóða á markaði rúllur sem er af lakari gæðum og á lægra verði. Við gætum því hugsanlega neyðst til að færa okkur mörg ár aftur í tímann til að bjóða upp á fleiri verð- og gæðaflokka, þar sem eingöngu virðist skipta máli hvað varan kostar. Við erum í raun ósáttir við það hvernig mörg íslensk fyrirtæki segja nánast „nei, takk“ við íslenskri framleiðslu. Fataverslunin segir að íslensk verslun verði að vera allt að 20% dýrari en erlend verslun, en íslenska kassarúllan verður að vera ódýrari en sú innflutta!

> **„Við hjá Pappír hf. vitum að okkar hráefnisframleiðandi notar rafmagn frá fallvötnum og það gerum við einnig.**
>
> *Jóhannes B. Sigurðsson*

Þá er kolefnisspor innfluttrar vöru að öllu jöfnu stærra en innlendrar þar sem innlend vara er framleidd með endurvinnanlegri orku eins og Prentsmiðjan Oddi bendir á í nýrri auglýsingu. Það er hagkvæmara að flytja hráefni til landsins heldur en fullunna vöru. Við hjá Pappír hf. vitum að okkar hráefnisframleiðandi notar rafmagn frá fallvötnum og það gerum við einnig. Víða annars staðar er verið að nota kol eða gas við framleiðsluna.

Með því að versla við okkur verður einnig aukin framlegð í landinu þar sem við sköpum 5 störf ásamt því að við notum innlenda framleiðslu alls staðar sem okkur er unnt. Þar má nefna íslenska kassa utan um vöruna, íslenska límmiða í strikamerki og svo framvegis. Einnig viljum við vekja athygli á pappírsburðarpokum en við seljum sérmerkta poka í litlu upplagi, sem hentar íslenskum markaði vel.“



Ævar Breiðfjörð, Jóhannes B. Sigurðsson, Ólafur Sverrisson og Arnór Guðmundsson hjá Pappír hf. MYND/ANTON BRINK

**Nánari upplýsingar á pappir@pappir.is**



PAPPÍR HF • Kaplahrauni 13 • 220 Hafnarfirði Sími: 565 2217 • pappir@pappir.is • www.pappir.is



## Spjaldtölvur í stað þjóna

Sífellt fleiri veitingastaðir bjóða viðskiptavinum að panta og greiða í gegnum spjaldtölvu eða snjallsíma við borðið án þess að þurfa nokkuð að ráðfæra sig við þjón eða afgreiðslufólk. Sums staðar er hægt að skoða myndir af réttunum, lesa sér nánar til um hvern fyrir sig og jafnvel hráefnið sem er notað. Viðskiptavinurinn velur að endingu rétt, gengur frá greiðslu og upplýsingarnar berast beint í eldhúsið.

Fjölmargir veitingastaðir hafa þegar útvegað þjónum spjaldtölvur í stað blaðs og blýants en í framtíðinni er líklegt að þær verði í auknum mæli í höndum viðskiptavina eins og fyrr er lýst. Margir sjá hag í því enda hægt að tengja fyrirkomulagið við auglýsingar og samfélagsmiðla. Viðskiptavinir geta þá mælt með tilteknum réttum, deilt og þar fram eftir götunum.

Í framtíðinni má jafnvel sjá fyrir sér að mannshöndin verði nær alfarið óþörf á einhverjum veitingastöðum því víða er þegar í dag hægt að tölvuvæða nær allan hluta rekstursins, þar með talið eldamennskuna og framreiðsluna.



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, afhendir Menntaverðlaun atvinnulífsins.

## Menntadagur atvinnulífsins

Menntadagur atvinnulífsins 2017 verður haldinn fimmtudaginn 2. febrúar á Hilton Reykjavík Nordica. Menntaverðlaun atvinnulífsins verða veitt að venju en það verður Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, sem afhendir þau. Þá verður menntafyrirtæki ársins 2017 verðlaunað ásamt menntasprota ársins.

Björgólfur Jóhannsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, mun ræða um íslenska máltækni og atvinnulífið. Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor við Háskóla Íslands, ræðir um íslensku í stafrænum heimi, Birna Ósk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri sölu og þjónustu hjá Símanum, fjallar um áhrif máltækni á rekstur og þjónustu fyrirtækja. Þórarinn Eldjárn, rithöfundur og skáld, heldur erindið Á íslensku má alltaf finna svar og Jón Guðnason, lektor við Háskólann í Reykjavík, fjallar um hvernig eigi að tala íslensku við tölvur. Að lokum ræðir Guðfinna S. Bjarnadóttir um málið og atvinnulífið.

## VERSLUN SÍÐAN Á 15. ÖLD

Elsta verslun í heimi er talin vera í þorpinu Boxford í Suffolk-héraði í Bretlandi. Allt bendir til þess að allt frá því á fimmtándu öld hafi verið einhvers konar verslun í húsnæðinu.

Í byrjun árs 2015 hætti verslunin sem þá var í húsinu starfsemi vegna eigendaskipta en rekstur pósthúss í sama húsi hélt áfram. Í lok árs 2015 var hins vegar aftur komin verslun í byggingunni þegar tveir kaupmenn opnuðu þar sælkerabúð. Verslunin starfar undir sama nafni og hún hefur gert í allan þennan tíma, Boxford Stores.

Heimildir má finna í kirkjubókum um að stöðug verslunarstarfsemi hafi verið í húsinu frá árinu 1528 þegar það var leigt slátrara að nafni Thomas Rastall. Þar hefur einnig verið vefnaðarvöruverslun og búsáhaldaverslun.





# Taktu vel á móti viðskiptavininum

## Með HP RP9 kassakerfislausninni

Með Intel® Core™ i5 örgjörva

M7J39AV






STILLANLEGUR SKJÁR



AUKASKJÁR FYRIR VIÐSKIPTAVINI



FJÖLDI TENGIMÖGULEIKA

### Kraftmikil en nett lausn

Það fer ekki mikið fyrir HP RP9 kassakerfislausninni, tekur lítið pláss á borði en afkastar miklu. RP9 kemur m.a. með 6. kynslóðar Intel® Core™ i5 örgjörva (M7J39AV) og getur tengst þráðlausu eða hefðbundnu neti, hentar allsstaðar þar sem þörf er áreiðanlegri sambyggðri lausn.

### Meiri sveigjanleiki

Stilltu skjáinn eins og þér hentar best hvað varðar hæð, snúning og sjónarhorn og veldu þá aukahluti sem hæfa þínum rekstri.

- Val um 15,5" eða 18,5" snertiskjá sem snýr að starfsmanni
- Val um allt að 14,1" snertiskjár sem snýr að viðskiptavini
- Fjölbreytt úrval aukahluta í boði

**Allar nánari upplýsingar á www.ok.is.**

Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Inside merkið, Intel Core, Intel Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.

Opin Kerfi – allt er mögulegt

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is


MIKIÐ ÚRVAL FALLEGRA
LEGSTEINA Á MJÖG GÓÐU VERÐI
ÁLETRUN OG UPPSETNING ERU INNIFALIN Í VERÐUNUM
NR. 116-5
VERÐ KR. 209.000
NR. 2042
VERÐ KR. 178.900
NR. 2046
VERÐ KR. 251.900
NR. 2006 AURORA
VERÐ KR. 245.900
NR. 104 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 325.900
NR. 113 PARADISO
VERÐ KR. 285.900
NR. 2021
VERÐ KR. 294.900
NR. GS 1002
VERÐ KR. 589.000
NR. 118 PARADISO
VERÐ KR. 305.900
NR. 129-3 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 395.900
FYLGIHLUTIR FYLGJA EKKI MEÐ
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
ÞARF AÐ ENDURNÝJA
LETRIÐ Á STEININUM?
GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ
HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á
LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ
OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM
ERU FARNIR AÐ HALLA.
FYRIR
EFTIR
GYÐA ÓSKARSDÓTTIR
DÓTTIR HENNAR
INGIBJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.
BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI
Graníthöllin
Legsteinar
SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

## BÍLAR & FARARTÆKI

MB bílar



AUDI Q5 quattro. Árgerð 2013, ekinn 55 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.490.000. Rnr.110903.

**MB Bílar**
**Klettháls 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið 10-18, lau 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Hjólhýsi



**HOBBY HJÓLHÝSI 2017 STÓRSPARNAÐUR!**
Nú er rétti tíminn til að panta Hobby hjólhýsi fyrir vorið beint frá Evrópu. Við aðstoðum þig.

Allar fyrirspurnir sendist á:

kriben@simnet.is

s. 863 4449




## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315

### Bókhald

VSK uppgjör. Skil á gögnum/miðum til RSK. Skattskýrslur. Bókhald. Stofnun fyrirtækja. FRAMTALSÞJÓNUSTAN, Ármúla 19. Sími 533 1533.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Góð umgengni. malarar@simnet.is Sími 8919890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald




### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 902 1020**
Spámiðlun heilun. Sjöfn spámiðill og heilari. Geymið ayglýsinguna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is




## KEYPT & SELT

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## ATVINNA

### Atvinna í boði

KvikkFix

Viljum ráða bifvélavirkja eða menn vana bílaþjónustu. Áhugasamir sendi umsóknir á hinrik@nrg.is

Veitingahúsið Sukhothai óskar eftir að ráða 2 kokka sem geta eldað asíu mat. Uppl. s: 6552849

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu leitar að duglegu og drífandi starfsfólki í vinnu sem allra fyrst. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á hreinirgardar@gmail.com




## fasteignir

**LIND** FASTEIGNASALA / **510 7900** Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

**OPIÐ HÚS › 24. jan 12:15-12:45 og 17:00-17:30**







### Kópavogsgerði 5-7
200 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 129-131 FM | FJÖLBÝLI | HERB: 3

LIND fasteignasala kynnir:

Nýjar og glæsilegar íbúðir fyrir 55 ára og eldri við Kópavogsgerði. Sérinngangur og stórir sérafnotareitir. Heimilt að loka með svalalokun. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með gólfefnum, ísskáp og uppþvottavél. Lausar við kaupsamning.

**Opin hús 24. janúar:**
***Íbúð 104, kl 12:15-12:45***
***Íbúð 101 og 105, kl 17:00-17:30***

**53.500.000 - 54.500.000 KR**



*Heyrumst*
**Lára Þyri Eggertsdóttir**
Löggiltur fasteignasali
› **899 3335**
› **lara@fastlind.is**



*Heyrumst*
**Kristín Skjaldardóttir**
Löggiltur fasteignasali
› **824 4031**
› **kristin@fastlind.is**

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**




## þjónusta

**Getum bætt við okkur verkefnum og þjónustusamningum**

Rafögn ehf
Löggiltur rafverktaki

Rafögn sér um lagnir af öllum stærðum og gerðum. Hönnun og smíði á stýringum fyrir ýmsan rafbúnað. Sérhæfing er mest á sviði stýringa. Tökum einnig að okkur bilanagreiningu og lagfæringar á stjórnbúnaði.

**Fagleg vinnubrögð, nákvæmni og góð þjónusta.**

**rafogn@rafogn.is • Matthías 899-4056**

## útboð

# ÚTBOÐ

Ný útboð/verkefni í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Þróttur – Þak áhorfendastúku**
  útboð nr. 13827.

Nánari upplýsingar er að finna á ***www.reykjavik.is/utbod***

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is





✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,
**Júlíus Jón Daníelsson**
fyrrverandi ritstjóri,
kennari og bóndi,
lést föstudaginn 20. janúar. Útförin
verður gerð frá Seljakirkju föstudaginn
3. febrúar kl. 13.

**Árni Daníel Júlíusson** **Birna Gunnarsdóttir**
**Anna Guðrún Júlíusdóttir** **Viðar Hreinsson**
**Monica Haug**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Unnur Guðmundsdóttir**
Holtsgötu 13, Reykjavík,
lést á Hrafnistu í Reykjavík mánudaginn
16. janúar. Útförin fer fram frá
Dómkirkjunni 25. janúar klukkan 13.

**Guðmundur Gunnarsson** **Guðrún Arndal**
**Kristinn Gunnarsson** **Sigrún G. Ragnarsdóttir**
**Björn V. Gunnarsson** **Guðrún Kr. Óladóttir**
**Margrét Gunnarsdóttir** **Sigurður V. Jónsson**
**Helga Gunnarsdóttir** **Jón Júlíusson**
**Gunnar J. Gunnarsson** **Ágústa Halldórsdóttir**
**Hulda Gunnarsdóttir** **Ísak J. Matthíasson**
**Unnur B. Gunnarsdóttir** **Þorsteinn Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*




ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
**581 3300 & 896 8242**
Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is


Sverrir Einarsson


Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*
Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin.
Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Herdís Helgadóttir,**
Auðarstræti 19, Reykjavík,
lést á líknardeild Landspítalans
fimmtudaginn 19. janúar sl.
Útför hennar verður gerð frá
Hallgrímskirkju föstudaginn
27. janúar kl. 13.

**Guðrún R. Briem** **Eiríkur Briem**
**Þorsteinn Ragnarsson** **Elsa Guðmundsdóttir**
**Valý Helga Ragnarsdóttir** **Jón Þorvaldsson**
**Lárus Ragnarsson** **Þóra Tryggvadóttir**
**Ragnheiður Jensína Ragnarsdóttir**
**Halldóra Anna Ragnarsdóttir** **Orri Páll Ormarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

**Þórdís Todda Jónsdóttir**
Nýbýlavegi 56, Kópavogi,
sem lést 16. janúar á Landspítalanum
verður jarðsett miðvikudaginn
25. janúar í Kópavogskirkju kl. 13.

**Páll Snorrason**
**Helgi Snorrason** **Þóra Sigurþórsdóttir**
**Jón Snorrason** **Guðrún Úlfhildur Grímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi, sonur
og tengdasonur,
**Guðbrandur Garðars**
húsasmíðameistari,
Línakri 1a, 210 Garðabæ,
lést á heimili sínu þriðjudaginn 17. janúar.
Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ
fimmtudaginn 26. janúar klukkan 13.00.
Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans
er bent á styrktarsjóð MND félagsins.

**Helga María Kristinsdóttir**
**María Elín Guðbrandsdóttir** **Árni Húnfjörð Brynjarsson**
**Birkir Freyr Guðbrandsson** **Oddný Ingólfsdóttir**
**Kristín Jóna Guðbrandsdóttir** **Kristófer Leó Inguson**
**Ásdís Lilja, Heiðdís Erla,**
**Garðar Sigurðsson,**
**Jóna Þórunn Jónasdóttir**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir,
fósturfaðir, afi, langafi og bróðir,
